

FRUMATHUGUN Á JARÐHITALÍKUM í

NÁGRENNI SKÍÐASKÓLANS í KERLINGARFJÖLLUM

Ingvar Birgir Friðleifsson

Stefán Arnárrsson

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

FRUMATHUGUN Á JARDHITALÍKUM í

NÁGRENNI SKÍÐASKÓLANS í KERLINGARFJÖLLUM

Ingvar Birgir Friðleifsson
Stefán Arnórsson

1. INNGANGUR

Að beiðni forráðamanna Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum var gerð athugun á jarðhitalíkum í nágrenni skólans í ágúst 1975. Jarðfræðilegar aðstæður voru kannaðar í samvinnu við Karl Grönvold, jarðfræðing, sem rannsakað hefur jarðfræði Kerlingarfjalla (1). Vegna þess hve seint beiðni um jarðhitaleitina barst, var ekki unnt að senda mælingaflokk í Kerlingarfjöll á liðnu sumri, en áætlun um jarðeðlisfræðilegar mælingar fylgir hér með. Slikar mælingar þarf að gera áður en ákvörðun er tekin um borun.

2. JARÐHITI

Kerlingarfjöll eru að lang mestu leyti hlaðin upp við eldgos undir ísaldarjöklum og eru því að mestu úr móbergi. Elstu jarðlögin við rætur fjallanna eru úr basalti af óvissum uppruna, en fjöllin sjálf eru að mestu úr basísku, ísúru og súru bergi tengdu ungrí megineldstöð, sem nefnd er eftir fjöllunum (1).

Háhitasvæði er í Kerlingarfjöllum, eins og í flestum öðrum megineldstöðvum í virkum gosbeltum landsins. Háhitauummerki, gufuhverir og leirhverir eru einkum á þremur svæðum (Hverabotn, Hveradalir og austan Hverahnúks) nálægt miðju megineldstöðvarinnar og ná samtals yfir um 10 Km² svæði (1).

Hús Skíðaskólans eru um 4 km frá norðurjaðri háhitasvæðisins í Vestur-Hveradölum. Vegna mikils kostnaðar við byggingu leiðslu kemur tæplega til greina að leiða heitt vatn frá háhitasvæðinu miðað við núverandi starfsemi skólans.

i austurbakka Árskarðsár, um 400 m sunnan við hús Skíðaskólans, er 25°C heit volgra. Volgran er við brekkurætur, um 5 m ofan við vatnsborð árinna, og var rennslíð á að gizka 0.1 l/s 20.ágúst s.l. Volga vatnið virðist streyma út á móturn bólstrabergs og móbergstúffs, sem er efsta lag hins fasta berggrunns á þessum slóðum. Handan Árskarðsár eru kaldar ölkeldur í svipaðri hæð og volgran og virðast þær einnig spretta fram á móturn bólstrabergsins og móbergstúffsins. Kaldar ölkeldur er viða að finna í norðurhluta Kerlingarfjalla, en þetta er eina volgran, sem þekkt er svo langt norðan við jaðar háhitasvæðisins.

Líklega er volga vatnið afrennslisvatn frá háhitasvæðinu. Ef til vill er hér aðallega um að ræða lárétt rennslí eftir lagmótum á litlu dýpi út frá háhitasvæðinu. Þá væri eftir litlu að slæðast með borun. En þessi staka, volga lind bendir þó til staðbundins upprennslis. Ef rennslíð væri eingöngu eftir láréttum lagmótum á litlu dýpi, mætti búast við mörgum volgrum í hinum sundurskornu jarðlöögum norðan Hveradala.

3. EFNASAMSETNING VATNS

Vatnssýni var tekið úr volgrunni 20. ágúst s.l. Vatnið mældist 24°C heitt, en 25°C mældust í jarðveginum þar sem vatnið sprettur upp. Efnasamsetning vatnsins er sýnd í Töflu 1, en þar eru einnig efnagreiningar (1) af vatns-sýnum úr hverum í Vestur-Hveradöllum til samanburðar.

Tafla 1

	(1)	(2)	(3)	(4)
Hiti °C	24	93	90	98
pH/°C	6.69/22	3.5	3.1	2.5
SiO ₂	109	81	83	152
Na ⁺	73.5	5.6	3.6	7.1
K ⁺	7.3	2.8	1.8	1.3
Ca ⁺⁺	38.2	42.8	200	0.6
Mg ⁺⁺	-	16.0	44.2	1.2
CO ₂ (alls)	55.1	-	-	-
SO ₄ ⁻⁻	329.5	346	1092	1725
H ₂ S	<0.1	-	-	-
Cl ⁻	8.2	2.2	0.5	0.9
F ⁻	0.74	0.6	0.8	0.3
Uppl. efni	513	509	1498	-
Kísilhiti, °C	115			
Alkalihiti, °C	72			

Söfnunarstaðir:

- (1) Volgra í austurbakka Árskarðsár um 400 m sunnan Skíðaskóla.
- (2) Pollur um 1 m í þvermál neðst í Vestur-Hveradöllum.
- (3) Pollur um 2 m í þvermál í helli vestan Árskarðsár í Vestur-Hveradöllum.
- (4) Grænn hver um 2 m í þvermál vestan Árskarðsár í Vestur-Hveradöllum.

Það vatn, sem kemur fram í volgu uppsprettunni, er ölkelduvatn og er slikt vatn oft að finna í útjaðri háhitavæða. Þetta vatn er til orðið á þann hátt, að afrennsli frá háhitavæðinu, vatn eða gas, blandast köldu grunnvatni. Gasið er að mestu kolsýra, brennisteinsvetni og vetni, en tvær síðarnefndu gastegundirnar eyðast við rennsli gegnum berggrunninn eftir að blöndun hefur átt sér stað.

Áður en ráðist er í borun við ölkeldu í útjaðri háhitasvæðis, er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, hvort blöndun hafi orðið við lárétt eða lóðrétt streymi í berggrunni. Sé um lárétt streymi að ræða, er vafasamt að borhola lendi í nægilega háum hita, en svo er ekki, sé um lóðrétt streymi að ræða, þegar blöndunin verður. Þetta ber að hafa sérstaklega í huga við mat á gildi kisilhitans og alkalihitans, sem gefnir eru upp í Töflu 1.

Alkalihiiti er nokkru lægri en kisilhitinn og gæti það stafað af útskolun Ca^{++} (kalsiums) eftir blöndun, en útreikningar á alkalihitá eru á þann veg, að lægri hitastigsgildi fást með vaxandi Ca^{++} í vatninu.

Styrkur flúors (F^-) er fremur lágur, en þó ekki svo, miðað við hita vatnsins í uppsprettunni, að talið sé, að vatnið hafi komist í snertingu við súrt berg.

4. FREKARI RANNSÓKNIR

Eins og að framan greinir er lang líklegast, að volgran við Árskarðsá sé afrennslisvatn frá háhitasvæðinu. Ef afrennslið er bundið við þróng, lárétt lagmót á litlu dýpi er vonlítið að fá megi verulega hærra hitastig með borun, þótt vatnsmagnið kunni að aukast. Öðru máli gegnir, ef um staðbundið upprennсли er að ræða úr afrennslisæðum á nokkur hundruð metra dýpi. Með því að bora í upprennсли má bæði auka vatnsrennslíð og hugsanlega einnig fá hærri hita.

Þessa two kosti má kanna nánar með viðnámsmælingum. Gera þarf a.m.k. fimm viðnámsmælingar með 500-1500 m straumarmi á svæðinu milli Skíðaskólans og hverasvæðisins í Vestur-Hveradöllum. Landslag ræður nákvæmri

staðsetningu mælipunkta.

Kostnaður við slika athugun er áætlaður um 200.000 krónur.

- - - - -

HEIMILDIR:

- (1) Karl Grönvold, 1972: Structural and Petro-chemical Studies in the Kerlingarfjöll Region, Central Iceland. D.Phil. ritgerð, 237 bls, Oxfordháskóli.